



Nefndasvið Alþingis
bt. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar
Smiðju
Tjarnagötu
101 Reykjavík

Sent á umsagnargátt Alþingis

Reykjavík, 29. október 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins frumvarp til laga um breytingu á stjórnsýslulögum nr. 37/1993 (ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins)

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“ eftir atvikum) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á stjórnsýslulögum nr. 37/1993 (ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins), 143. mál, 157. löggjafarþing. Málið er endurflutt og skiluðu samtökin umsögn vegna málsins á 155. löggjafarþingi.¹ Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á stjórnsýslulögum sem fela í sér heimildir sjálfstæðra stjórnsýslunefnda til að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins. Að mati samtakanna felur breytingin í sér ákveðna réttarbót og staðfestingu á túlkun EFTA-dómstólsins um beitingu 34. gr. EES-samningsins um heimild sjálfstæðra stjórnsýslunefnda að leita ráðgefandi álits dómstólsins. Þá taka samtökin undir mikilvægi þess að tryggja samræmda túlkun á EES-rétti til að uppfylla markmið um einsleitni svæðisins.

Samtökin benda þó á að hætta er á því að málsmeðferðartími stjórnvalda lengist umtalsvert með tilkomu heimildarinnar. Gert er ráð fyrir því að við undirbúning úrskurðar gildi málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga þannig að málsaðilum sé heimilt að tjá sig áður en úrskurður er kveðinn upp. Málshraði er nú þegar áskorun hjá flestum úrskurðarnefndum og mikilvægt að gerðar séu úrbætur þannig að 7. gr. stjórnsýslulaga sé uppfyllt. Málshraði er öllum málsaðilum mikilvægur en langur málsmeðferðartími hjá tilteknum úrskurðarnefndum getur beinlínis valdið tjóni aðila, sbr. t.d. hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Í því ljósi þarf að vera tryggt að ríkar kröfur gildi um öflun ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins, að stjórnsýslunefndir gæti varfærni við mat á því hvort leitað verði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins og að það verði jafnan aðeins gert í flóknum málum og þegar brýn ástæða þyki til.

Fyrirliggjandi frumvarp tekur ekki á kostnaði aðila vegna málsmeðferðar við öflun ráðgefandi álits. Meginreglan við meðferð stjórnsýslumála er sú að aðilar beri kostnað sinn sjálfir og einungis í undantekningartilvikum hefur stjórnsýslunefnd lagaheimild til þess að úrskurða um málskostnað. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ráðgefandi álit sé aðila máls að kostnaðarlausu en hann geti þurft að bera ákveðinn kostnað sjálfur, svo sem ef hann telur sig þurfa lögmannaástoð eða vill flytja mál sitt munnlega fyrir dómstólnum. Þó vissulega sé hægt að fallast á það að aðili hafi fullt forræði á því hversu mikið hann lætur öflun ráðgefandi álits til sín taka og honum sé ekki skylt að leita aðstoðar lögmanns eða flytja mál sitt munnlega fyrir dómstólnum eru líkur á því að slíkt sé nauðsynlegt svo réttaröryggi aðila sé tryggt og muni því

¹ [154-1888.pdf](#)



hafa í för með sér talsverðan kostnað. Samtökin telja því nauðsynlegt að kveðið verði á um kostnað með skýrum hætti í frumvarpinu.

Frumvarpið getur eðli máls samkvæmt leitt til þess að sjálfstæðar stjórnsýslunefndir leiti í auknum mæli ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins, með tilheyrandi kostnaði fyrir aðila máls. Því hvetja samtökin stjórnvöld til að meta áhrif breytinganna þegar fram líða stundir og ef reynslan sýnir að heimildin leiði til mikilla tafa á málsmeðferðartíma og aukins kostnaðar sé nauðsynlegt að marka heimildinni skýrari ramma.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, reading 'Lilja Björk Guðmundsdóttir'.

Lilja Björk Guðmundsdóttir
Yfirlögfræðingur